

Ágúst Hálfhásson  
Heiðarhvamur  
271 Mosfellsbær

Reykjavík, 23. september 2022  
UST202209-134/Þ.V.B.  
09.05.01

### **Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi - Sporðamælingar á Torfajökli**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Ágúst Hálfhásson, dagsett 15. september 2022, um leyfi til að keyra inn í Jökulgil innan Friðlandsins að Fjallabaki vegna rannsókna.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Umferð véknúinna ökutækja er aðeins leyfð á akvegum og merktum slóðum á friðlandinu nema með undanþágu frá Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að keyra í farvegi Jökulgilskvíslar á tveimur bílum inn Jökulgil inn í Dalbotn til að komast nær rannsóknarsvæðinu. Þaðan verður gengið til mæling á sporðum Torfajökuls bæði að norðan og sunnanverðu. Engin sýnataka fylgir verkefninu. Ráðgert er að verkefnið taki 1 dag á tímabilinu 23. til 30. september 2022 og koma 6-8 manns að því.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur að verkefnið muni hafa jákvæð áhrifa á svæðið til lengri tíma lítið þar sem verið er að safna upplýsingum um breytingar á náttúru svæðisins. Aksturinn fer fram utan megin ferðamannatíma og truflun fyrir ferðamenn því lítil. Stofnunin telur því ekki að aksturinn muni hafa varanleg neikvæð áhrif á náttúru svæðisins sé farið eftir þeim skilyrðum sem tiltekin eru í bréfi þessu.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Ágústi Hálfhássonyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri eftir áreyrum Jökulgils innan Friðlands að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan í einn dag á tímabilinu 23. – 30. september 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Akstur utan veg, annar en sá er leyfið nær yfir er óheimill.
- Fylgja skal vegslóða í Jökulgili þar sem hann er til staðar á svæðinu.

- Að aka einungis á vegslóða og ógrónum áreyrum.
- Tryggja skal að aðrir gestir fylgi ekki á eftir þegar ekið er inn í Jökulgil.
- Ökumönnum er skylt að gæta sérstakar varkárni og forðast að valda náttúruspjöllum, sbr. 6 mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdótti  
*sviðsstjóri*

Magnús Freyr Sigurkarlson  
*sérfræðingur*